

1. janúar - 30. júní 2022

SORPA bs.

Árshlutareikningur

Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Kt. 510588-1189

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	16

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SORPU bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SORPU bs. tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022 sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 01.01.-30.06.2022, efnahag þess 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 01.01.-30.06.2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. ágúst 2022

fh. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur og afkoma:

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samlagsins er meðhöndlun úrgangs. Fjöldi ársverka var 135,8.

Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður tímabilsins 489.474.745 kr. Hrein eign félagsins í lok tímabilsins nam 5.485.847.020 kr. Ráðstöfun á afkomu tímabilsins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir:

Megináhersla SORPU á tímabilinu var að greina úrgangsstrema með breytta meðhöndlun í samræmi við forgangsröðun úrgangspríhyrningsins í huga. Kjarnastarfsemi SORPU hefur hingað til snúist um rekstur urðunarstaðar í Álfsnesi ásamt meðhöndlun endurvinnsluefna. Nú hefur SORPA einsett sér að koma eins miklu af úrgangi úr urðun og unnið er með markmið laga um breytta meðhöndlun úrgangs sem taka gildi 01.01.2023 sem mun einkenna rekstur SORPU á næstu árum. Ljóst er að mikil tækifæri liggja í aukinni verðmætasköpun úr úrgangi og er það áhersla SORPU að efna til samstarfs við aðila á markaði um nýsköpun og þróun í þeim efnum.

Í anda hringrásarhagkerfisins hefur SORPA einsett sér að horfa á alla virðiskeðjuna er tengist úrgangsméðhöndlun og greina tækifærin. Í þeim anda hefur gott starf verið unnið með eigendum SORPU um að skipuleggja samræmingu úrgangssöfnunar á starfssvæði SORPU, ásamt því að leggja drög að sérsöfnun við öll heimili á lífrænum úrgangi, plasti, pappír og pappa. Einnig var skoðuð markvirkni greindarstöðva og endurvinnslustöðva til að ná eins miklu af textíl, gleri og málmum úr almennu sorptunnunni sem búast má við að verði til staðar enn um sinn.

Þessi breyting á söfnun við heimili mun skila betri endurvinnsluefnum og er forsenda fyrir því að GAJA skili þeim árangri í moltugerð sem stefnt er að. Einnig mun sérstöfnunin og samræming kalla á endurskoðun á starfsemi SORPU í móttöku- og flokkunarstöð, því minni þörf verður á forvinnslu á blönduðum úrgangi. Verkefni eru nú þegar farin af stað til að kanna áhrif væntanlegra breytinga á starfssemi SORPU.

Aukin áhersla er lögð á samstarf SORPU við aðila á markaði og ber hæst samstarf sorpsamlaga á suðvesturlandi við gerð svæðisáætlunar fyrir svæðið. Gerð hennar lauk í lok árs 2021 en í henni má finna stefnumarkandi áherslur um aukið samstarf á milli svæðanna um breytta úrgangsméðhöndlun. Einnig er unnið gott starf á vettvangi verkefnastjórnar um úrgangsméðhöndlun á vettvangi Sambands íslenskra sveitafélaga. Einnig hefur SORPA haft frumkvæði að samtali við ýmis samtök atvinnulífsins um breytta úrgangsméðhöndlun og ábyrgð rekstraraðila og sveitafélaga, en ljóst er að minnka þarf til muna blandaðan úrgang frá rekstri til að markmið um endurvinnslu náist hér á landi og til að lágmarka kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Í lögum um breytta úrgangsméðhöndlun er lögð áhersla á hringrásarhagkerfið og aukna sérsöfnun við heimili. Má búast við kostnaðarauka fyrir sveitarfélög vegna þessa. Til að mæta þeim kostnaðarauka er lagt til að markvirkni Úrvinnslusjóðs breytist og meira af umbúðum og öðrum úrgangi falli þar undir. Mikilvægt er að vel takist til og unnið verði að útfærslu kerfisins með Sambandi íslenskra sveitafélaga, Úrvinnslusjóði og öðrum hagaðilum.

Uppfærsla upplýsingakerfa hófst á árinu 2021 en ljóst var orðið að fjárfestingar SORPU í kerfum stóðust ekki kröfur um örugga söfnun, vinnslu og geymslu gagna. Einnig voru netöryggismál skoðuð og standa fjárfestingar yfir þar. Uppfæra þurfti bókhaldskerfið og gagnavinnslukerfið og stendur það verkefni yfir. Búast má við að SORPA geti með auðveldari hætti en áður birt tölfræði m.a. á vef sínum á seinni hluta ársins, samhliða uppfærslu á vef SORPU.

Samlagið hefur unnið markvisst að makaðspróun vegna metans og ljóst að næg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga og byrjað var að auka gassöfnun á tímabilinu.

Megináhætta og óvissuþættir:

Stefna og breyting stjórnvalda varðandi lög og reglur vegna úrgangsmála, hefur bein áhrif á rekstur SORPU. Unnið er að því að auka fyrirsjáanleiki á breytingum sem geta valdið því að SORPA þurfi að bregðast við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs með skömmum fyrirvara. Slíkar breytingar geta valdið auknum kostnaði hjá samlaginu og auknum fjárfestingum.

Samlagið mun hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023 og mun hefja útflutning á úrgangi til orkuvinnslu á árinu 2022. Þessum breytingum fylgir mikil óvissa og aukinn kostnaður. Að senda úrgang í brennslu er mun kostnaðarsamari vinnsluferill heldur en að urða og hefur gjaldskrá samlagsins hækkað í samræmi við aukinn kostnað. Þá er gengisáhætta mikil og óvissa um verð frá móttökuaðilum og hugsanlega skattar og lagabreytingar í Evrópu er snúa að innflutningi á úrgangi.

Fjármögnun og vaxtastig:

Vextir hafa verið að hækka síðustu misseri og hefur það áhrif á rekstur SORPU. Samlagið er einungis fjármagnað með lánum í íslenskum krónum og því er gengisáhætta ekki til staðar.

Áhrif COVID-19:

Þónokkrar tafir hafa orðið í fjárfestingaverkefnum vegna tafa erlendis sem rekja má til COVID-19. Tafirnar hafa ekki haft mikil áhrif á reksturinn en endurbætur á búnaði í móttöku- og flokkunarstöð hafa frestast.

Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi byggðarsamlagsins að öðru leyti en að mati stjórnar og framkvæmdastjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun árshlutareiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi byggðarsamlagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra:

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. er árshlutareikningur félagsins í samræmi við reikningsskilastaðla. Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok tímabilsins og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavík	58,3%	1.099.813.104
Kópavogur	15,4%	290.021.776
Hafnarfjörður	12,6%	237.286.499
Garðabær	6,9%	130.066.647
Mosfellsbær	4,7%	88.541.017
Seltjarnarnes	2,2%	41.233.525
	100,0%	1.886.962.568

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir tímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2022

Framkvæmdastjóri:

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	1/1 - 30/6 2022	1/1 - 30/6 2021	1/1 - 31/12 2021
Þjónustutekjur		2.875.303.813	2.209.625.948	4.560.691.608
Aðrar tekjur		13.949.980	1.764.935	27.782.381
		<u>2.889.253.793</u>	<u>2.211.390.883</u>	<u>4.588.473.989</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	4	896.486.835	766.826.780	1.562.827.982
Rekstrarkostnaður		1.189.037.032	1.055.175.265	2.235.001.424
Afskriftir	5	202.445.411	166.487.821	330.388.028
		<u>2.287.969.278</u>	<u>1.988.489.866</u>	<u>4.128.217.434</u>
Rekstrarhagnaður		601.284.515	222.901.017	460.256.555
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(111.618.227)	(67.751.744)	(129.430.508)
Áhrif dótturfélaga	6	(191.543)	703.630	113.516
		<u>(111.809.770)</u>	<u>(67.048.114)</u>	<u>(129.316.992)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>489.474.745</u>	<u>155.852.903</u>	<u>330.939.563</u>

Efnahagsreikningur

		1/1 - 30/6	1/1 - 30/6	1/1 - 31/12
Eignir				
	<i>Skýr.</i>	2022	2021	2021
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Fasteignir		6.465.263.477	6.665.965.376	7.105.344.528
Áhöld og tæki		1.190.316.466	994.181.696	707.690.723
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	5	<u>7.655.579.943</u>	<u>7.660.147.072</u>	<u>7.813.035.251</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur				
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	21.050.042	21.831.699	21.241.585
Bundnar bankainnstæður		133.018.377	114.224.295	120.007.850
Áhættufjárm. og langtímakr. samtals		<u>154.068.419</u>	<u>136.055.994</u>	<u>141.249.435</u>
Fastafjármunir samtals		<u>7.809.648.362</u>	<u>7.796.203.066</u>	<u>7.954.284.686</u>
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur	2,8	551.475.000	246.434.221	305.207.363
Kröfur á tengda aðila	7	404.201.200	283.142.254	260.802.100
Aðrar skammtímakröfur		465.000	3.810.373	13.238.924
Handbært fé	2	669.802.384	101.791.968	449.172.777
Veltufjármunir samtals		<u>1.625.943.584</u>	<u>635.178.816</u>	<u>1.028.421.164</u>
Eignir samtals		<u>9.435.591.946</u>	<u>8.431.381.882</u>	<u>8.982.705.850</u>

30. júní 2022

		1/1 - 30/6	1/1 - 30/06	1/1 - 31/12
Eigið fé og skuldir				
	<i>Skýr.</i>	2022	2021	2021
Eigið fé				
Stofnfé		1.886.962.568	1.886.962.568	1.886.962.568
Óráðstafað eigið fé		3.598.884.452	2.934.323.041	3.109.409.707
Eigið fé samtals	9	<u>5.485.847.020</u>	<u>4.821.285.609</u>	<u>4.996.372.275</u>
Skuldir				
Skuldbindingar				
Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarst.		132.082.852	116.192.243	122.496.742
Skuldb. vegna endurvinnslustöðva ..		320.087.717	319.814.800	321.481.441
Skuldbindingar samtals	11	<u>452.170.569</u>	<u>436.007.043</u>	<u>443.978.183</u>
Langtímalán				
Skuldir við lánastofnanir	10	<u>2.229.229.792</u>	<u>2.321.134.300</u>	<u>2.240.138.681</u>
Langtímalán samtals		<u>2.229.229.792</u>	<u>2.321.134.300</u>	<u>2.240.138.681</u>
Langtímaskuldir samtals		<u>2.681.400.361</u>	<u>2.757.141.343</u>	<u>2.684.116.864</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	2	378.275.708	326.167.797	535.818.073
Skuldir við tengda aðila	7	347.905.561	87.420.442	199.063.444
Ýmsar skammtímaskuldir		333.434.942	206.507.750	332.075.588
Næsta árs afb. langtímaskulda	10	208.728.354	232.858.941	235.259.606
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.268.344.565</u>	<u>852.954.930</u>	<u>1.302.216.711</u>
Skuldir samtals		<u>3.949.744.926</u>	<u>3.610.096.273</u>	<u>3.986.333.575</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>9.435.591.946</u>	<u>8.431.381.882</u>	<u>8.982.705.850</u>

Sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2022

	1/1 - 30/6	1/1 - 30/06	1/1 - 31/12
Handbært fé frá rekstri	Skýr. 2022	2021	2021
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	489.474.745	155.852.903	330.939.563
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfj.	202.445.411	166.487.821	330.388.028
Tap (hagn) af sölu á varanl. rekstrarfj.	0	0	(307.914)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	191.543	(703.630)	(113.516)
Verðbætur og gengismunur	82.175.264	40.960.890	78.605.476
Hreint veltufé frá rekstri	774.286.963	362.597.984	739.511.637
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á rekstrart. kröfum	(376.892.813)	51.435.695	5.574.155
Hækkun (lækkun) á rekstrart. skuldum	(7.340.894)	22.345.587	469.206.703
Handbært fé frá rekstri	390.053.256	436.379.266	1.214.292.495
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar	(54.812.114)	(156.646.926)	(399.124.883)
Söluverð fastafjármuna	0	0	1.770.000
Breyting bundinna innstæða	(13.010.527)	(6.646.105)	(12.429.660)
Fjárfestingarhreyfingar	(67.822.641)	(163.293.031)	(409.784.543)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða	9.586.110	5.796.367	12.100.866
Skammtímalán, breyting	0	(741.828.871)	(741.828.871)
Greiddar afborganir langtímalána	(119.615.405)	(114.058.341)	(230.297.875)
Br. á skuldb. endurvinnslustöðva	8.428.287	91.557.797	17.451.923
Stofnfjárukning	0	500.000.000	500.000.000
Fjármögnunarhreyfingar	(101.601.008)	(258.533.048)	(442.573.957)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	220.629.607	14.553.187	361.933.995
Handbært fé í ársbyrjun	449.172.777	87.238.782	87.238.782
Handbært fé í árslok	669.802.384	101.791.969	449.172.777

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SORPA er byggðasamlag og er megin starfsemi félagsins fólgin í að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Lögheimili samlagsins er að Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í tímabilsins. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður. Yfirdráttarlán eru flokkuð á meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Seldar vörur

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samlagsins er skipt í eftirfarandi fjóra starfspætti:

	Gufunes	Álfsnes	Endurvinnslu- stöðvar og Grenndargámar	Góði Hirðirinn	Samtals
Tekjur	1.760.711.157	1.337.360.940	890.212.834	198.205.862	4.186.490.793
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(1.297.237.000)
Samtals	1.760.711.157	1.337.360.940	890.212.834	198.205.862	2.889.253.793
Laun og launat. gjöld .	332.052.250	138.383.666	290.633.914	135.417.005	896.486.835
Rekstrarkostnaður	1.197.210.393	626.351.019	599.924.318	62.788.302	2.486.274.032
Afskriftir	114.552.821	87.892.590	0	0	202.445.411
Fjármagnsliðir	(5.795.675)	117.950.288	(345.398)	555	111.809.770
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(1.297.237.000)
Samtals	1.638.019.789	970.577.563	890.212.834	198.205.862	2.399.779.048
Hagnaður ársins	122.691.368	366.783.377	0	0	489.474.745

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	H1 2022	H1 2021
Laun	742.155.926	637.713.011
Lífeyrissjóður	90.393.270	76.639.945
Önnur launatengd gjöld	63.937.639	52.473.824
Laun og launatengd gjöld alls	896.486.835	766.826.780

Fjöldi ársverka á tímabilinu var 135,8 miðað við 122,4 á sama tímabili á árinu á undan.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 17,1 mkr á tímabilinu, en um 15,9 mkr á sama tímabili árið á undan.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers tímabils.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	7.765.707.054	3.301.468.471	11.067.175.525
Afskrifað alls 1/1	(1.223.184.188)	(2.030.956.087)	(3.254.140.274)
Viðbót á tímabilinu	6.896.735	47.915.379	54.812.114
Afskrifað á tímabilinu	(84.156.125)	(128.111.297)	(212.267.422)
Bókfært verð 30/6	6.465.263.476	1.190.316.466	7.655.579.943
Stofnverð alls 30/6	7.772.603.789	3.349.383.850	11.121.987.639
Afskrifað alls 30/6	(1.307.340.313)	(2.159.067.384)	(3.466.407.696)
Bókfært verð 30/6	6.465.263.476	1.190.316.466	7.655.579.943
Afskriftarhlutföll	2-20%	10-20%	

Afskriftir færast eftirfarandi:

Í rekstur	202.445.412
Til lækunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva	9.822.010
	212.267.422

Skýringar

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Gufunes, móttökustöð	1.949.250.000	2.104.000.000	880.195.845
Gas og jarðgerðarstöðin Álfsnesi	2.693.700.000	0	5.218.208.890
Endurvinnslustöðvar	284.870.000	194.100.000	366.858.741
	<u>4.927.820.000</u>	<u>2.298.100.000</u>	<u>6.465.263.476</u>

Vátryggingarverð véla, tækja og áhalda samlagsins nam 3.714,3 mkr í lok tímabilsins.

6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Hlutdeildarfélög eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því. Eignarhlutir félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikning.

	%	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík	100,00%	47.000.000	21.050.042
			<u>21.050.042</u>

7. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	H1 2022	H1 2022	H1 2022	H1 2022
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	1.502.223.229	80.377.630	6.611.689	396.832.715
Óuppgert v/endurvinnslust....			339.565.434	
Óuppgert v/grenndargáma....			928.809	
Metan dótturf. SORPU.....	4.311.342	2.314.162	799.629	7.368.485
	<u>1.506.534.571</u>	<u>82.691.792</u>	<u>347.905.561</u>	<u>404.201.200</u>
	<u>H1 2021</u>	<u>H1 2021</u>	<u>H1 2021</u>	<u>H1 2021</u>
	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Lán frá tengd- um aðilum	Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	1.579.499.407	100.411.176	16.402.217	281.368.540
Óuppgert v/endurvinnslust....			70.528.442	
Óuppgert v/grenndargáma....			126.278	
Metan dótturf. SORPU.....	5.261.350	4.008.407	363.505	1.773.714
	<u>1.584.760.757</u>	<u>104.419.583</u>	<u>87.420.442</u>	<u>283.142.254</u>

Skýringar

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í árshlutareikningnum og nemur niðurfærslan 3,3 mkr. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 2,2 mkr. vegna tapaðra krafna og breytinga á niðurfærslu. Breytingin greinist þannig:

	H1 2022	H1 2021
Afskriftareikningur 1/1	1.171.582	6.801.045
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu	0	959.477
Framlag tímabilsins í afskriftareikning	2.154.661	(6.588.940)
Afskriftareikningur 30/6	3.326.243	1.171.582

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	1.886.962.568	3.109.409.707	4.996.372.275
Hagnaður ársins		489.474.745	489.474.745
Eigið fé 30/06	1.886.962.568	3.598.884.452	5.485.847.020

10. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádrögnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	H1 2022	H1 2021
Lánasjóður sveitarfélaga NTV 1,16-3,45%	1.628.015.982	1.658.370.782
Íslandsbanki ÓVTR, 4,28%	800.000.002	866.666.668
Eignaleigur ÓVTR 5,25%	9.942.162	28.955.791
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	2.437.958.146	2.553.993.241
Næsta árs afborganir	(208.728.354)	(232.858.941)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	2.229.229.792	2.321.134.300

Langtímaskuldir greinast þannig:

	H1 2022	H1 2021
Skuldir vegna byggðasamlagsins	2.391.733.722	2.490.479.819
Skuldir vegna endurvinnslustöðva	46.224.424	63.513.422
	2.437.958.146	2.553.993.241

Skýringar

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir júl 22 - jún 23	208.728.354	232.858.941
Afborganir júl 23 - jún 24	198.786.192	226.325.709
Afborganir júl 24 - jún 25	175.673.980	216.050.327
Afborganir júl 25 - jún 26	175.673.980	194.255.255
Afborganir júl 26 - jún 27	175.673.980	727.588.593
Afborganir síðar	1.503.421.660	956.914.416
	<u>2.437.958.146</u>	<u>2.553.993.241</u>

11. Skuldbindingar

Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 9,6 mkr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 132,1 millj. kr.

Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

	<u>H1 2022</u>	<u>2021</u>
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	376.680.752	392.391.940
Krafa á sveitarf., v/langtímal. endurvinnslust., í ársbyrjun	(55.199.311)	(72.651.234)
Afskrift á tímabilinu	(9.822.010)	(15.711.188)
Vextir og uppreikningur langtímalána	8.428.286	17.451.923
Samtals	<u>320.087.717</u>	<u>321.481.441</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

	<u>H1 2022</u>	<u>2021</u>
Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	366.858.742	376.680.752
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva	(46.771.025)	(55.199.311)
Samtals	<u>320.087.717</u>	<u>321.481.441</u>

Skuldbinding skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 30.06.2022

		<u>H1 2022</u>	<u>2021</u>
Reykjavíkurborg	56,4%	180.591.961	181.378.293
Kópavogur	16,2%	51.838.920	52.064.637
Hafnarfjörður	12,4%	39.567.229	39.739.513
Garðabær	7,7%	24.516.791	24.623.542
Mosfellsbær	5,4%	17.310.663	17.386.037
Seltjarnarnes	2,0%	6.262.152	6.289.419
Samtals		<u>320.087.717</u>	<u>321.481.441</u>

Skýringar

12. Önnur mál

Á árinu 2021 höfðaði Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) dómsmál gegn SORPU bs. til heimtu bóta vegna ætlaðra brota samlagsins á reglum um opinber innkaup. Í stefnunni krefst ÍAV þess að SORPA greiði stefnanda bætur. Í desember 2021 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur um að SORPA skuli greiða ÍAV bætur að fjárhæð kr. 89.427.759 en SORPA hefur áfrýjað dómnum til Landsréttar. Varúðarfærsla vegna óvissu um niðurstöðu málsins var færð á árinu 2021. Áfrýjun hefur ekki verið tekin fyrir við lok tímabilsins.

Sundurliðanir

	H1 2022	H1 2021	2021
Rekstrartekjur			
Móttökutekjur.....	1.319.900.202	936.793.344	1.503.270.625
Endurvinnsluafurðir.....	472.785.162	255.486.429	1.066.595.295
Endurvinnslustöðvar.....	877.770.316	812.446.229	1.578.704.760
Útseld þjónusta.....	3.609.871	3.481.201	5.537.883
Nytjamarkaðir.....	198.185.526	195.371.159	406.443.327
Útleiga á húsnæði.....	3.052.736	6.047.586	139.718
Aðrar tekjur.....	13.949.980	1.764.935	27.782.381
	<u>2.889.253.793</u>	<u>2.211.390.883</u>	<u>4.588.473.989</u>
Rekstrargjöld			
Annar starfamannakostnaður			
Slysatryggingar.....	808.038	855.434	1.663.472
Fæðis- og kaffikostnaður.....	10.576.369	9.637.100	20.379.814
Vinnufatnaður.....	6.960.227	5.001.547	10.012.628
Menntun og námskostnaður.....	3.692.392	1.083.509	4.784.765
Annar starfsmannakostnaður.....	9.199.649	6.967.468	25.553.656
	<u>31.236.675</u>	<u>23.545.058</u>	<u>62.394.335</u>
Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs			
Eyðingargjöld.....	1.044.856.482	797.707.429	1.667.883.169
Flutningur.....	296.358.330	296.582.207	603.318.495
Véla- og gámaleiga.....	198.107.066	219.220.339	441.115.363
Rekstrarvörur.....	36.923.773	20.134.821	33.560.281
Landleiga og urðunargjald.....	20.138.641	36.721.637	52.765.217
Innlend tæknaðstoð.....	52.289.574	35.687.822	91.692.301
Erlend tæknaðstoð.....	325.688	2.291.212	7.595.477
Viðhald véla og tækja.....	103.889.012	83.055.594	132.036.563
Tryggingar véla og tækja.....	696.862	620.030	1.140.171
Eftirlitsgjöld.....	1.344.619	2.384.658	3.409.833
Rannsóknarkostnaður.....	0	0	1.462.711
	<u>1.754.930.047</u>	<u>1.494.405.749</u>	<u>3.035.979.581</u>

Sundurliðanir

	H1 2022	H1 2021	2021
Annar rektrarkostnaður			
Húsaleiga.....	32.620.594	24.954.189	53.815.637
Rafmagn, hiti og kalt vatn.....	40.477.411	40.721.136	79.105.645
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	48.399.616	50.801.732	80.429.374
Fasteignagjöld og lóðarleiga.....	42.712.711	40.521.098	84.934.740
Annar húsnæðiskostnaður.....	11.391.931	13.144.766	23.788.808
Snjómokstur / hálkueyðing.....	5.126.397	2.578.379	5.663.599
Viðhald lóðar.....	22.353.516	16.578.586	40.661.445
Viðhald skrifstofuáhalda.....	0	658.537	0
Rekstur bifreiða og tækja.....	14.169.801	14.376.495	29.411.055
Aðkeyptur akstur.....	7.409.715	2.027.872	3.289.801
Ritföng og prentun.....	1.322.221	2.262.982	3.118.806
Símakostnaður.....	6.966.952	8.145.694	15.329.111
Burðargjöld.....	500.402	648.843	1.301.600
Ferðakostnaður.....	4.772.125	0	3.364.655
Auglýsingar.....	4.593.412	5.093.594	24.628.981
Kynningarkostnaður og sölulaun.....	1.706.707	751.537	4.065.971
Risna og fundarkostnaður.....	81.658	248.288	282.453
Bækur og tímarit.....	721.030	719.495	1.037.977
Rekstur tölvubúnaðar.....	97.875.996	85.549.579	157.892.914
Félags- og aðildargjöld.....	2.380.151	3.039.340	3.310.840
Þóknun til endurskoðenda.....	7.051.610	4.265.855	7.176.387
Lögfræðileg aðstoð.....	24.313.086	17.409.321	38.879.086
Aðkeypt þjónusta.....	330.685.789	47.794.403	102.204.289
Vátryggingar.....	5.018.934	4.771.436	9.764.581
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	2.122.625	959.477	(4.000.277)
Annar kostnaður.....	(14.667.081)	(19.263.692)	72.884.373
	<u>700.107.309</u>	<u>368.758.942</u>	<u>842.341.851</u>
Vinna milli deilda - eigin not.....	(1.297.236.999)	(831.534.484)	(1.705.714.343)
	<u>1.189.037.032</u>	<u>1.055.175.265</u>	<u>2.235.001.424</u>
Þóknun til endurskoðenda nánar			
Endurskoðun.....	0	0	3.666.287
Innri endurskoðun.....	3.351.610	2.624.995	3.364.140
Önnur þjónusta.....	3.700.000	1.640.860	145.960
	<u>7.051.610</u>	<u>4.265.855</u>	<u>7.176.387</u>

Fylgigögn með árshlutareikningi 2022

Fimm ára yfirlit samlagsins

Rekstur	2022_H1	2021	2020	2019	2018
Rekstrartekjur.....	2.889.254	4.588.474	3.807.780	3.848.213	4.171.039
Rekstrargjöld.....	(2.085.524)	(3.797.829)	(3.501.372)	(3.475.432)	(3.431.661)
Hagnaður f. afskriftir.....	803.730	790.645	306.409	372.781	739.378
Afskriftir.....	(202.445)	(330.388)	(308.502)	(222.566)	(211.160)
Hagnaður f. fjárm. liði.....	601.285	460.257	(2.094)	150.215	528.218
Fjármagnsliðir.....	(111.810)	(129.317)	(142.039)	(53.931)	13.937
Hagnaður ársins.....	489.475	330.940	(144.133)	96.284	542.155

Efnahagur

Fastafjármunur.....	7.809.648	7.954.285	7.890.178	6.840.215	3.217.323
Veltufjármunir.....	1.625.944	1.028.421	672.061	1.043.650	1.414.921
Eignir samtals.....	9.435.592	8.982.706	8.562.239	7.883.865	4.632.245

Eigið fé.....	5.485.847	4.996.372	4.165.433	3.809.565	3.513.281
Skuldbindingar.....	452.171	443.978	430.137	390.040	348.905
Langtímaskuldir.....	2.229.230	2.240.139	2.397.631	2.571.547	188.379
Skammtímaskuldir.....	1.268.345	1.302.217	1.569.039	1.112.713	581.679
Eigið fé og skuldir samtals.....	9.435.592	8.982.706	8.562.239	7.883.865	4.632.245

Veltufjárhlutfall.....	1,28	0,79	0,43	0,94	2,43
Eiginfjárhlutfall.....	58,14%	55,62%	48,65%	48,32%	75,84%
Arðsemi eigin fjár.....	18,68%	7,22%	-3,61%	2,63%	17,68%
Skuldsetningarhlutfall.....	40,64%	44,84%	57,56%	67,50%	5,36%
Ársverk.....	136	129	113	113	112



Grant Thornton

An instinct for growth™

SORPA bs.

Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árshlutauppgjörs 2022

26. ágúst 2022





Grant Thornton

An instinct for growth™

26. ágúst 2022

Stjórn SORPU bs.
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við könnun á árshlutareikningi SORPU bs. vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2022 en henni er nú lokið.

Könnun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu og efnahag þess í samræmi við lög um ársreikninga.

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningi. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningaraðgerðum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna.

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Virðingarfyllt,
f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson
Löggiltur endurskoðandi



Um könnunina



Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar og könnunar reikningsársins 2022 og fengið undirritað af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins.



Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafsáðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisfirlýsingu gagnvart félaginu.



Könnun árshlutareiknings

Könnun okkar var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega könnunarstaðalinn ISRE 2410.

Könnun árshlutareiknings er byggð að mestu leyti á greiningaraðgerðum, fyrirspurnum um ákveðin atriði og líði reikningsskilanna. Einnig framkvæmdum við aðrar könnunaraðgerðir sem taldar voru nauðsynlegar til að gefa álit á reikningsskilunum.



Helstu aðgerðir

Við höfum yfirfarið afstemmingar á efnahagsliðum og framkvæmt greiningaraðgerðir á rekstrarliðum og aflað stuðningsgagna eftir þörfum.

Við höfum aflað upplýsinga um helstu lögfræðimál og lagt mat á hvort þau hafi áhrif á árshlutareikninginn.

Við höfum afhent stjórnendum staðfestingarbréf ásamt upplýsingum um óleiðréttar skekkjur sem upp hafa komið við vinnu okkar. Við höfum beðið þá um að staðfesta fyrrgreind gögn með undirritun sinni og afhenda okkur.



Niðurstöður könnunar

Könnun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu og efnahag þess í samræmi við lög um ársreikninga.



Óleiðréttar skekkjur


Engar óleiðréttar skekkjur fundust við könnunina.

Rekstrarreikningur

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings

- Hagnaður tímabilsins nemur 489,5 m.kr. samanborið við 155,9 m.kr. á sama tímabili á síðasta ári.
- Rekstrartekjur nema 2.889,3 m.kr. og hækka um 31% milli ára. Helsta skýring hækkunar rekstrartekna er vegna þess að gjaldskráin var hækkuð um áramótin til að koma til móts við útflutning á sorpi.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 17% samanborið við sama tímabil í fyrra. Aukning launakostnaðar skýrist að mestu af kjarasamningsbundnum hækkunum á tímabilinu, sem og breytingum á stöðugildum.
- Rekstrarkostnaður nemur 1.189,0 m.kr. á tímabilinu, hækkar um 13% milli tímabila og má helst rekja til hækkunar á gjaldskrá um áramót þar sem urðun hættir og útflutningur hefst sem er töluvert dýrara.
- Fyrningar nema 202,4 m.kr. samanborið við 166,5 m.kr. á sama tímabili á síðasta ári.
- Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) nema 111,6 m.kr. á tímabilinu samanborið við 67,8 m.kr. árið áður. Aukning á fjármagnsgjöldum skýrist af vaxtagjöldum langtímalána.

	6M 2022	6M 2021	%
Rekstrartekjur samtals	2.889,3	2.211,4	31%
Laun og launatengd gjöld	-896,5	-766,8	17%
Rekstrarkostnaður	-1.189,0	-1.055,2	13%
Afskriftir	-202,4	-166,5	22%
Rekstrarhagnaður	601,3	222,9	170%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-111,6	-67,8	65%
Áhrif dótturfélaga	-0,2	0,7	127%
Hagnaður ársins	489,5	155,9	-214%



Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 7.655,6 m.kr. í lok tímabilsins, samanborið við 7.813,0 m.kr. í árslok 2021. Fjárfestingar á tímabilinu nema 54,8 m.kr.
- Áhættufjármunir og langtímakröfur nema 154,1 m.kr. í lok tímabilsins, og aukast um 12,8 m.kr. sem má rekja til aukningar á bundnum innistæðum.
- Viðskiptakröfur nema 551,5 m.kr., og aukast um 246,3 m.kr. frá áramótum. Ástæða hækkunarinnar er vegna innleiðingar á nýju bókhaldskerfi og í kjölfarið voru reikningar sendir seint og því lengt í eindaga. Niðurfærsla viðskiptakrafna nemur 3,3 m.kr.
- Kröfur á tengda aðila nema 404,2 m.kr. samanborið við 260,8 m.kr. um áramót og hækka um 55%. Helsta breytingin á milli ára er hærri kröfur á Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarbæ í lok tímabilsins.
- Handbært fé nemur 669,8 m.kr. samanborið við 449,2 m.kr. þann 31. desember 2021, hækkar um 220,6 m.kr. á tímabilinu.
- Skuldbindingar eru tvær, annars vegar skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað, 132,1 m.kr. og hins vegar skuldbinding vegna endurvinnslustöða, 320,1 m.kr. Skuldbindingar hækka um 2% á tímabilinu.
- Langtímaskuldir nema 2.229,2 m.kr. í lok tímabilsins og næstu árs afborganir nema 208,7 m.kr. Langtímaskuldir breytast óverulega á tímabilinu.
- Skammttímaskuldir nema 1.268,3 m.kr., þar af viðskiptaskuldir 378,3 m.kr., skuldir við tengda aðila 347,9 m.kr. og ýmsar skammttímaskuldir 333,4 m.kr. Skammttímaskuldir lækka um 3%.

	30.6.2022	31.12.2021	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.655,6	7.813,0	-2%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	154,1	141,2	9%
Fastafjármunir samtals	7.809,6	7.954,3	-2%
Viðskiptakröfur	551,5	305,2	81%
Kröfur á tengda aðila	404,2	260,8	55%
Aðrar skammttímakröfur	0,5	13,2	-96%
Handbært fé	669,8	449,2	49%
Veltufjármunir samtals	1.625,9	1.028,4	58%
Eignir samtals	9.435,6	8.982,7	5%

	30.6.2022	31.12.2021	%
Eigið fé	5.485,8	4.996,4	10%
Skuldbindingar	452,2	444,0	2%
Langtímalán	2.229,2	2.240,1	0%
Viðskiptaskuldir	378,3	535,8	-29%
Skuldir við tengda aðila	347,9	199,1	75%
Ýmsar skammttímaskuldir	333,4	332,1	0%
Næsta árs afborganir langtímaskulda	208,7	235,3	-11%
Skammttímaskuldir samtals	1.268,3	1.302,2	-3%
Skuldir og eigið fé samtals	9.435,6	8.982,7	5%



© 2022 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

www.grantthornton.global